



**Veðurstofa Íslands**  
ÁRSSKÝRSLA 2020





# ÁRSSKÝRSLA 2020

## Náttúrufar

Tíðarfar ársins

Vatnafar 2019/2020

Ofanflóð

Jarðfar

## Rekstrarreikningur

Skipting tekna  
Starfsmannaupplýsingar

Efni ársskýrslunnar var unnið af starfsmönnum Veðurstofu Íslands

Ritstjórn: Sigurlaug Gunnlaugsdóttir

Útlit og uppsetning: Ennemm auglýsingastofa

Forsíða: Í Fljótshlíð. Eyjafjallajökull á bak við regnbogan. Ljósmynd: Njáll Fannar Reynisson

Skiðna sem féll á Seyðisfirði í 18. desember 2020 er lang stærsta skiðna sem fallið hefur á byggð á Íslandi. Auk hennar féllu margar aðrar skiður. Ekki varð manntjón en gífurlegt tjón á eignum og menningarverðmætum. Mikil úrkoma hafði fallið á svæðinu í aðdraganda skiðufallanna og hafði stór hluti bæjarins verið rýmdur. Uppsöfnuð úrkoma 14.–18. desember var 569 mm og hefur aldrei mælst meiri úrkoma á jafn stuttum tíma á Íslandi. Ljósmynd: Sérsveit ríkislögreglustjóra.

$$\tau_{ij} = \sum_k \dots$$

$$0 = \rho g + \nabla \cdot T$$

$$\frac{\partial H}{\partial t} = b - \frac{\partial H u}{\partial x}$$

$$P = P_b \times \exp \left[ \frac{-g_0 \times M \times (h - h_b)}{R^* \times T_b} \right]$$

$$\frac{\delta T}{\partial t} = \frac{\partial T}{\partial x} + u \frac{\partial W}{\partial x} + v \frac{\partial W}{\partial y} + w \frac{\partial W}{\partial z}$$

$$\frac{d\omega}{dt} + \frac{c}{L} \frac{d\theta}{dt} = \frac{1}{\rho} \nabla \cdot (\rho \nabla \omega)$$

# NÁTTÚRUFAR

## TÍÐARFAR ÁRSINS 2020


Árið 2020 var illviðrasamt. Meðalvindhraði var óvenju hár og óveðursdagar margir. Ársmeðalhiti var yfir meðallagi 1961 til 1990 á landinu öllu en undir meðaltali síðustu tíu ára. Að tiltölu var hlýrra á austan- og norðaustanverðu landinu en kaldara suðvestan- og vestanlands. Árið var mjög úrkomusamt norðan- og austanlands. Ársúrkomun á Akureyri er sú mesta sem mælst hefur á Akureyri frá upphafi mælinga.

### HITI

Meðalhiti í Reykjavík var 5,1 stig og er það 0,7 stigum ofan meðallags árána 1961 til 1990. Í Stykkishólmi var ársmeðalhiti 4,5 stig, 1,0 stigi yfir meðallagi árána 1961 til 1990. Á Akureyri var meðalhiti 4,3 stig sem er 1,1 stigi yfir meðallagi árána 1961 til 1990. Á Egilsstöðum var ársmeðalhiti 3,9 stig, 1,0 stigi yfir meðallagi árána 1961 til 1990. Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum var meðalhiti ársins 5,4 stig, 0,5 stigum yfir meðallagi. Á landsvísi var hitinn 0,9 stigum ofan meðallagsins 1961 til 1990, en -0,3 stigum undir meðallagi síðustu tíu ára. Ársmeðalhiti var hæstur 6,3 stig í Surtsey og á Steinum undir Eyjafjöllum. Lægsti ársmeðalhiti var á Gagnheiði -1,7 stig og lægstur í byggð í Möðrudal 1,1 stig.

Að tiltölu var hlýrra á austan- og norðaustanverðu landinu en að tiltölu kaldara suðvestan- og vestanlands. Hæsti hiti ársins mældist 26,3 stig á Neskaupsstað þ. 13. ágúst. Mesta frost ársins mældist -28,3 stig á Setri þ. 7. mars. Mesta frost ársins í byggð mældist -28,1 stig við Mývatn þ. 13. febrúar.

Meðalhiti 2020




### ÚRKOMA

Árið var mjög úrkomusamt norðan- og austanlands og á Vestfjörðum.

Óvenjulega mikil úrkoma féll í desember á norðan- og austanverðu landinu og mældist úrkoman þar víða sú mesta sem vitað er um í þeim almanaksmánuði. Aftakaúrkoma var á Austfjörðum dagana 14. til 18. desember. Mest var úrkoman á Seyðisfirði þar sem heildarúrkoma þessara 5 daga, mældist 577,5 mm. Það er mesta úrkoma sem mælst hefur á fimm dögum á Íslandi. Miklar aurskriður féllu á Seyðisfirði, sú stærsta þ. 18. desember.

Úrkoma 2020



Dalalæða við bæinn Úlfarsfell II í Úlfarsárdal. Hafrafell / Hafrahlíð í bakgrunni. Shutterstock.

Úrkoma í Reykjavík mældist 871,6 mm, 6% umfram meðallag árána 1971 til 2000. Á Akureyri mældist ársúrkomun 762,1 mm, 47% umfram meðallag árána 1971 til 2000. Árið er það úrkomumesta þar frá upphafi mælinga, 1928.

Mesta sólarhringsúrkoma ársins á sjálfvirkri stöð mældist 178,2 mm á Seyðisfirði þ. 15. desember. Á mannaðri stöð mældist mesta sólarhringsúrkoman 159,5 mm á Kálfafelli þ. 10. ágúst.

Veturinn 2019 til 2020 var mjög snjópungur norðan- og austanlands og á Vestfjörðum. Tvö stór snjóflóð féllu á Flateyri og eitt í Súgandafirði þ. 14. janúar. Mjög snjólétt var á landinu í nóvember og desember miðað við árstíma. Alhvítir dagar í Reykjavík voru 44 sem er 20 færri en meðaltal árána 1971 til 2000. Alhvítir dagar ársins á Akureyri voru 107, einum færri en að meðaltali 1971 til 2000.

### SÓLSKINSSTUNDIR, LOFTÞRÝSTINGUR OG VINDHRAÐI

Sólskinsstundir í Reykjavík mældust 1313,7 sem er 45 fleiri en í meðalári 1961 til 1990. Á Akureyri mældust sólskinsstundirnar 1278,8 eða 234 fleiri en að meðaltali 1961 til 1990.

Meðalþrýstingur í Reykjavík var 1002,5 hPa og er það -3,4 hPa undir meðallagi árána 1961 til 1990. Meðalþrýstingur í janúar og febrúar var óvenjulágur. Hæsti loftþrýstingur ársins mældist 1050,5 hPa á Hjarðarlandi þ. 28. mars. Lægsti loftþrýstingur ársins mældist 932,3 hPa í Surtsey þ. 15. febrúar.

Meðalvindhraði á landinu var óvenju hár á árinu, eða 0,6 m/s yfir meðallagi. Fyrstu þrjú mánuðir ársins voru óvenju illviðrasamir. Meðalvindhraði var meiri en vant er og loftþrýstingur lægri. Illviðri voru mjög tíð og miklar samgöngutrufnanir voru vegna óveðurs og mikil fannfergis. Þ. 14. febrúar gekk mikið austanveður yfir landið og bættist í hóp verstu illviðra síðustu ára. Desember var einnig óvenju vindasamur.




## NÁTTÚRUFAR

### VATNAFAR 2019/2020

Þó rennslishættir einstakra tegunda vatnsfalla séu ólíkt háð veðurfari, þá eru flest vatnsföll blönduð að uppruna. Jökulárnar hafa flestar sterk dragareinkenni utan tíma jökulbráðnunar og þá hafa sumar þeirra einnig töluverðan lindárþátt. Svipaða sögu er að segja af mörgum dragánnum. Þær sækja oft vatn í minni jökla eða hátt til fjalla, þannig að rennsli þeirra viðhelst fram eftir sumri, þó ekki rigni, en svo eru aðrar dragár sem eru algerlega háðar úrkomunni. Lindárnar hafa margar dragárþátt, en mótun rennslis þeirra er meira háð langtímabreytingum á veðri. Heilt yfir má þó segja að rennsli flestra vatnsfalla mótist af veðurfari og sveiflist því í takt við veðrið í einstökum landshlutum. Vik frá meðalrennsli nokkurra vatnsfalla sýnt hér sem súlurit þar sem vatnsföllunum er raðað landfræðilega frá suðvesturhorninu, norður og austur um land og hringnum lokað á Suðurlandi. Á myndinni má greinilega sjá sveiflu sem sýnir rennsli flestra vatnsfalla sunnan heiða undir meðaltali á meðan því er öfugt farið fyrir norðan og austan.

Hér á eftir er landinu skipt niður í fjóra landshluta og fjallað um rennslishætti í hverjum og einum þeirra.

### Vik frá meðalrennsli í % 2019/2020




Uppsetning vatnshæðarmælis við Syðri-Brú í Sogi. Ljósmynd: Njáll Fannar Reynisson.

**Suðvesturland og Vesturland.** Eftir óvenju þurrkt sumar 2019 tóku vatnsföllin vel við sér um haustið og aðeins inn í veturinn. Vetrarrennsli var þó í minna mæli þó töluvert rennsli hafi fylgt rigningu og hlýindum bæði í desember og febrúar. Kaldur og snjópungur mars, án nokkurra blota, varð til þess að rennsli margra vatnsfalla var þá í lágmarki. Rennsli tók svo vel við sé um vorið og framan af sumri. Ársrennsli var heilt yfir nálægt eða rétt undir meðaltali.

**Norðvesturland og Norðurland.** Vetrarrennsli var frekar lítið og í takt við þurrkatíð sem náði fram í desember og kuldatíð og töluvert fannfergi í byrjun árs. Snjófyfningar voru því töluverðar og rennslið mikið þegar byrjaði að hlýna. Ár eins og Hjaltadalsá og Hörgá, þar sem vatnasviðið teygir sig upp í töluverða hæð, voru mjög vatnsmiklar framan af sumri og sumarrennsli annarra vatnsfalla á svæðinu var heldur meira en undangengin ár. Ársrennsli bæði Vestari- og Austari- jökulsáanna var í takt við bráðnun á jökli heldur minni en í meðalári.


**Norðausturland og Austurland.** Mikið rennsli var í upphafi vatnsárs á öllu svæðinu en síðan dró verulega úr því og var það undir meðaltali langt fram eftir vetri. Fannfergi og viðvarandi kuldatíð höfðu þar mikið að segja enda blotar fátíðir og var því öfugt farið frá vetrinum á undan þegar gekk á með leysingum nær allan veturinn. Snjófyfningar voru því töluverðar og snjóinn leysti hratt þegar hlýnaði í byrjun sumars. Rennsli var þá með allra mesta móti. Ársrennslið var hins vegar rétt yfir eða nálægt meðaltali fyrir flest vatnsföll á svæðinu, nema hvað rennsli Jökulsá á Fjöllum var undir meðaltali sökum minni jöklaleysingar.

### vhm 26 Selá í Vopnafirði vatnsárin 2018/2019 og 2019/2020



**Suðausturland og Suðurland.** Þó heilt yfir megi taka þessi landssvæði saman og segja að ársrennslið hafi nær undantekningarlaust verið undir meðaltali, þá var því ekki alveg eins farið fyrir allar árstíðir. Rennslið í byrjun vatnsárs var með mesta móti á SA-landi, en það átt svo eftir að snúast alveg við. Rennsli „stóru“ ána Þjórsár og Ölfusár var undir meðaltali nær allan veturinn og fram á vor, en sumarrennslið var svo í meðallagi. Rennsli Markarfljóts stingur aðeins í stúf, en rennsli þar var í tak við heldur aukið rennsli síðustu ár.

Þessi umfjöllun um rennsli í einstökum landsfjórðungum er meira til að gefa grófa mynd en að hún sé tæmandi yfirlit um rennslishætti og það breytilega veðurfar sem þar ræður mestu um. Til að gefa betri mynd af því sem segir um rennslið á NA- og A-landi og breytileika sem þar var á milli vatnsára er hér tekið dæmi af rennsli Selár. Eins og að framan segir þá voru blotar tíðir fram eftir vetri 2018/2019 og mikil hlýindi frá miðjum apríl og fram í maí gengu hratt á snjóinn. Rennsli í byrjun sumars var því með minnsta móti. Þessu var svo öfugt farið vatnsárið 2019/2020 í kuldatíð og fannfergi nær allan veturinn og var rennslið frekar lítið. Fyrningarnar voru því miklar í byrjun sumars og rennsli þá með mesta móti. Uppsafnað heildarrennsli vatnsáranna er hins vegar nærri því það sama.



## NÁTTÚRUFAR

### OFANFLÓÐ

#### SNJÓFLÓÐ

Veturinn 2019–2020 var snjópungur og illviðrasamur, sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi. Í átta skipti þurfti að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu á norðan- eða sunnanverðum Vestfjörðum. Á landsvísu var níu sinnum lýst yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu. Janúar var afar snjópungur á Vestfjörðum og féllu mörg snjóflóð í mánuðinum. Nokkrum mínútum eftir kl 23:00 þann 14. janúar féll mjög stórt snjóflóð úr Skollahvilft sem fór út í höfnina á Flateyri og olli miklu tjóni á smábátaflota Flateyrar og hafnarmannvirkjum. Nánast á sömu mínútu féll stórt flóð á Norðureyri út í sjó í Sóganda-firði og ruddi flóðbylgju af stað yfir fjörðinn sem skall á Suðureyri og olli tjóni meðfram strandlengj- unni en engum slysum á fólki. Um 30 mínútum síðar féll annað stórt flóð á Flateyri úr Innra Bæjargili. Kóf og léttur snjór úr flóðinu fór yfir varnargarðinn og skall á íbúðarhúsi næst garðinum sem í voru kona, unglingsstúlka og tvö börn, með þeim afleiðingum að unglingsstúlkan grófst. Björgunarsveitar- mönnum tókst að grafa stúlkuna upp í tæka tíð og hlaut hún minniháttar meiðsl.


Eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar 2020 hófst vinna við að endurmeta snjóflóðahættu neðan við varnargarða sem reistir hafa verið hér á landi. Drög að endurskoðuðu hættumati fyrir Flateyri var tilbúið í desember 2020 og vinna við endurskoðað hættumat í öðrum þéttbýliskjörnum, meðan annars á Siglufirði, í fullum gangi.

29. janúar varð banaslys í Móskaðshnjúkum þegar skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í þröngu gjli. Nokkur snjóflóð féllu af völdum skíða- og vélsleðamanna á Norðurlandi og Vestfjörðum en enginn hlaut skaða af.

#### SKRIÐUFÖLL

Mikið rigndi á Austfjörðum dagana 10. til 18. desember og féllu margar skriður á Seyðisfirði og víðar á Austfjörðum. Úrkoman féll sem rigning á láglandi en snjór til fjalla. Litlar skriður féllu á Eskifirði og Seyðisfirði þann 14. desember og næstu daga héldu skriður áfram að falla, meðal annars inn í byggð á Seyðisfirði þar sem hús voru rýmd í nokkrum áföngum eftir því sem veðrið dróst á langinn og fleiri skriður féllu. Einnig voru skilgreind sérstök varúðarsvæði þar sem fólk var hvatt til þess að fara varlega og dvelja ekki í kjöllum húsa eða í herbergjum með gluggum sem snúa í átt að fjalli.

Aðfaranótt 18. féllu tvær skriður úr Nautaklauf og tók önnur þeirra mannlaut timburhús og flutti það um 50 m. Húsið var innan svæðis sem þegar hafði verið rýmt og í kjölfar skriðanna var haldið áfram að stækka rýmingar- og varúðarsvæðin. Þann 18. desember féll stærsta skriðan í hrinunni, úr Botnabrún á milli Búðarár og Stöðvarlækjar. Á þessu svæði hafði ekki fallið stór skriða áður á sögu- legum tíma en jarðfræðilegar athuganir sýna ummerki um stóra forsögulega skriðu nærri Búðará skammt sunnan við farveg skriðunnar og einnig á öðrum stöðum í sunnanverðum Seyðisfirði. Skriðan ruddist yfir mörg hús og út í sjó. Flest húsanna sem eyðilögðust höfðu verið rýmd, en skriðan náði þó niður fyrir rýmingarsvæðið og lenti einnig á nokkrum húsum sem ekki höfðu verið rýmd. Ekkert mann- tjón varð í skriðunni sem verður að teljast mildi, en mikið eignatjón Eftir skriðurnar hófst strax vinna við að koma upp mælum og vöktunarkerfi til þess að fylgjast með hreyfingu jarðlaga og innstreymi vatns í Neðri-Botna og Þófa.



Dökku rákirnar hvor sínu megin á myndinni sýna að varnargarðarnir náðu að stýra stærstum hluta flóðanna úr Skollahvilft og Innra Bæjargili frá byggðinni. Ljósmynd: Haukur Sigurðsson




## NÁTTÚRUFAR

### JARÐFAR

Mikil jarðskjálftavirkni var á árinu þar sem SIL-mælakerfi Veðurstofunnar mældi ríflega 70.000 jarðskjálfta. Til samanburðar mældust 25.000–30.000 skjálftar 2017, 2018 og 2019. Þessi skjálftavirkni var áberandi mikil á Reykjanesinu þar sem langvarandi hrinur með stórum skjálftum voru að mælast út árið. Óvenju hratt landris mældist einnig á Reykjanesi í byrjun árs í grennd við fjallið Þorbjörn, en líklegasta skýring þess var kvikusöfnun á nokkurra kílómetra dýpi. Mælanet Veðurstofunnar var bætt á svæðinu til þess að fylgjast betur með virkninni og sérfræðingar stofnunarinnar unnu í samvinnu við HS-orku að reglulegum gasmælingum á Reykjanesi. Þegar leið á árið dró úr landrisinu við Þorbjörn og á sama tíma skjálftum, en skjálftavirkni jókst fljótlega aftur og samhliða byrjaði landris að mælast að nýju. Þessi atburðarrás átti sér stað nokkrum sinnum út árið. Þrjú kvikuinnskot voru mæld í þremur eldstöðvakerfum í þessari atburðarrás, Svartsengi, Reykjanes og Krísuvík.

Um sumarið varð jarðskjálftahrina 20 km NA af Siglufirði þar sem yfir 10.000 jarðskjálftar mældust, þar af mældust þrjú skjálftar yfir 5 af stærð.



### REYKJANES

Um 35.000 jarðskjálftar mældust á Reykjaneskaganum allt árið 2020. Stærsti skjálftinn var af stærð 5,6 þann 20. október. Ellefu skjálftar yfir stærð 4 mældust á árinu og um 100 skjálftar mældust á stærðarbilinu 3–4. Landris var greinilegt samhliða jarðskjálftahrinum á svæðinu, en jarðskjálftahrinur urðu á nokkrum sprungum á Reykjaneskaga yfir árið.

### GRÍMSVÖTN

Jarðskjálftavirkni í Grímsvötnum jókst rólega þegar fór að líða á árið og í lok september var ákveðið að breyta viðbúnaðarstigi vegna flugs úr grænu í gult. Flestar mælingar sem gerðar eru til að vakta Grímsvötn sýndu meiri virkni umfram það sem var skilgreint bakgrunnsvirkni eldstöðvarinnar, þ.e. skjálftavirkni síðastliðna mánuði mældist yfir meðallagi, jarðhitavirkni fór vaxandi mánuðina á undan, GPS sýndi þenslu á svæðinu og gasmælingar um sumarið bentu til þess að kvika væri nálægt yfirborði. Til viðbótar fór vatnshæð í Grímsvötnum ört vaxandi.

### BÁRÐARBUNGA

Örlítið rólegra var í Bárðarbungu miðað við síðustu ár frá því að gosi lauk í Holuhrauni. Stærsti skjálftinn á árinu í Bárðarbungu var af stærð 4,8 en fjórir skjálftar yfir stærð 4 mældust í öskjunni og átta skjálftar mældust á stærðarbilinu 3–4.



GPS mælir á toppi fjallsins Þorbjarnar í janúar 2020. GPS mælir eru hluti mælanetsins sem greinir landris. Ljósmynd: Benedikt G. Ófeigsson.

### KATLA

Skjálftavirkni í Kötlu var innan venjulegra marka. Flestir skjálftarnir mældust innan öskjunnar og var stærsti skjálftinn í Kötlu þetta árið af stærð 3,4. Smá jarðhitaleki mældist yfir sumartímann í Múlakvísl þar sem tilkynnt var um brennisteinslykt og gas mældist einnig við Láguhvola.

### HEKLA

Tæplega 70 skjálftar mældust í og í grennd við Heklu á árinu. Stærsti skjálftinn í Heklu sjálfri var af stærð 1,5, en skjálfti af stærð 1,98 mældist einnig við Hestöldu á árinu.

### ÖRÆFAJÖKULL


Mun minni jarðskjálftavirkni var í Öræfajökli þetta árið miðað við árin á undan. Einungis mældust um 180 skjálftar samanborið við ríflega 700 árið 2019 og 2300 árið 2018. Stærsti skjálftinn var 2,4 að stærð.

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2020

## STATEMENT OF ACCOUNTS FOR THE YEAR 2020

### Skipting tekna 2020

Fjárveiting	1.088.000.000
Fjárfestingar-framlag	231.100.000
Alþjóðaflug	811.562.297
Annað	125.412.711
Rannsóknir	246.863.478
Orka	148.010.934
Ofanflóðasj.	253.397.090
Samgöngur	25.318.832
	<hr/>
	2.929.665.342
	<hr/>
Sértekjur	1.610.565.342



### Starfsmannaupplýsingar

#### 2020/2021

Fjöldi starfsmanna	152
Athugunar- og eftirlitsmenn	66
Hlutfall karlkyns starfsmanna	63%
Hlutfall kvenkyns stjórnenda	46%
Starfsstöðvar Veðurstofunnar	6

### Tekjur / Income

	2020	2019
Styrkir og framlög / Grants and donations.....	1.304.924.284	1.265.921.745
Seld þjónusta / Public service .....	278.408.345	269.135.670
Aðrar tekjur / Other income .....	27.232.708	20.596.495
	<hr/>	<hr/>
	1.610.565.337	1.555.653.910

### Gjöld / Fees

Laun og launatengd gjöld / Wages and related expenses .....	1.891.365.790	1.678.689.589
Skrifstofu- og stjórnunarkostn. / Office & management fees.....	118.064.462	117.017.922
Funda- og ferðakostnaður / Conference, travel & training exp.....	41.762.134	80.299.868
Aðkeypt sérfræðiþjónusta / Contracted service .....	169.684.153	151.745.282
Rekstur tækja og áhalda / Operation of equipment.....	107.506.150	77.891.878
Annar rekstrarkostnaður / Other operational expenses .....	113.030.641	120.933.137
Húsnæðiskostnaður / Housing expenses .....	196.382.952	189.812.132
Bifreiðarekstur / Vehicle expenses.....	19.384.807	14.078.091
Tilfærslur / Tranference between institutions.....	11.506.500	11.974.000
	<hr/>	<hr/>
	2.668.687.589	2.442.441.899
Afskrift / Depreciation.....	145.850.072	138.345.978
	<hr/>	<hr/>
	2.814.537.661	2.580.787.877

### Tekjuhalli fyrir fjármagnsgj. / Deficit for financial exp.

	( 1.203.972.324 )	( 1.025.133.967 )
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) / Financial income (expenses) .....	( 2.144.981 )	( 4.069.337 )

### Tekjuhalli fyrir ríkisframlag / Deficit for state contribution

	( 1.206.117.305 )	( 1.029.203.304 )
Fjárfestingarframlag ríkissjóðs .....	81.860.613	76.073.432
Ríkisframlag / State contribution .....	1.088.000.000	945.000.000
	<hr/>	<hr/>
	1.169.860.613	1.021.073.432

### Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins / Surplus (Deficit) of the year

	( 36.256.692 )	( 8.129.872 )
--	----------------	---------------



# Veðurstofa Íslands

## ÁRSSKÝRSLA 2020

ISSN 2251-5607

© Veðurstofa Íslands  
Bústaðavegi 7–9  
105 Reykjavík  
Sími 522 6000  
[vedur.is](http://vedur.is)